

GJALDSKRÁ

fyrir katta- og hundahald í Blönduósbæ.

1. gr.

Af hundum og köttum í Blönduósbæ skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Blönduósbæ, nr. 242/2004 og samþykkt um kattahald í Blönduósbæ, nr. 1121/2005.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds í fyrsta sinn skal innheimta skráningargjald að upphæð kr. 2.950 ásamt árlegu leyfisgjaldi vegna hunds að upphæð kr. 9.400 miðað við heilt ár. Við umsókn um skráningu kattar í fyrsta sinn skal innheimta skráningargjald að upphæð kr. 2.950 ásamt árlegu leyfisgjaldi vegna kattar að upphæð kr. 3.350 miðað við heilt ár. Leyfisgjaldið lækkar svo eftir því sem líður á árið þegar kemur til fyrstu skráningar, gjaldið er í janúar-mars 100%, apríl-júní 75%, júlí-september 50% og október-desember 25%.

Leyfisgjald er ekki endurgreitt þrátt fyrir breytingar á katta- eða hundahaldi innan ársins.

3. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu hunda er innifalin í gjaldi sem innheimt er samkvæmt 2. gr. Í þessu sambandi vísast til e- og f-liða 2. gr. samþykktar um hundahald á Blönduósi nr. 242/2004, sem kveða á um skyldur hundaeigenda til að hafa hunda sína ábyrgðartryggða og er tryggingin innfalin í gjaldinu enda sé það í skilum.

Árleg hundahreinsun er á ábyrgð eigenda og einnig framkvæmd hennar og ber þeim að snúa sér til dýralæknis sem annast hana á kostnað hundaeigenda.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending	kr. 9.850
Önnur afhending	kr. 17.700
Þriðja afhending	kr. 27.050
Við afhendingu hunds/kattar sem ekki er gilt leyfi fyrir	kr. 21.250

Að auki skal umráðamaður hunds/kattar greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds/kattar. Óskráða hunda/ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

5. gr.

Gjalddagi leyfisgjalda er 1. mars og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

6. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

7. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Blönduósbæjar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald í Blönduósbæ nr. 242/2004 og samþykkt um kattahald í Blönduósbæ nr. 1121/2005, til að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt falla úr gildi gjaldskrár nr. 38/2015 og 39/2015. Gjaldskráin

Nr. 1318

28. desember 2016

var samþykkt í heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra og staðfest á fundi sveitarstjórnar Blönduós-bæjar.

Blönduósi, 28. desember 2016.

Arnar Þór Sævarsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2017